



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur, 12. júlí 2016
1501012 SB

Varðar: **Endurskoðuð þjónustulýsing og sameiginlegar reglur vegna ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk**

Á 431. stjórnarfundum SSH, þann 1. júlí s.l., var fjallað um ofangreint málefni.

Eftirfarandi var bókað:

Fyrir lá erindi frá formanni samráðshóps forstöðumanna velferðarsviða/félagsmálastjóra sveitarfélaganna dags. 30. júní 2016, þar sem gerð er grein fyrir einni breytingu á áður framlagðri tillögu að sameiginlegu reglunum, og sameiginlegri tillögu hópsins um að sameiginlegu reglurnar, þannig breyttar verði sendar til staðfestingar hjá þeim aðildarsveitarfélögum sem nú nýta sér sameiginlega akstursþjónustu Strætó bs. sbr. ákvæði samkomulags sveitarfélaganna um sameiginlega ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk.

Stjórn SSH samþykkti tillögu hópsins og fól framkvæmdastjóra að senda tillöguna til viðkomandi sveitarfélaga til staðfestingar.

Jafnframt samþykkti stjórnin fyrirbyggjandi tillögu að þjónustulýsingu frá 18. maí 2016.

Páll Guðjónsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

Sameiginleg ferðaþjónusta fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu, sameiginlegar reglur